



**Rannsóknarstöð þjóðmála**  
**Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands**

---

# Samspil vinnu og heimilis

## Álag og árekstrar

eftir

Kolbein H. Stefánsson

---

**Social Research Center, University of Iceland**  
**Working papers; 1, 2008**

## ÚTDRÁTTUR

Í þessari ritgerð er fjallað um álag í vinnu og á heimilum, sem og um árekstra vinnu og heimilis á Íslandi. Reynt er að varpa ljósi á hvort vinna og heimilislíf eru streituvaldar í íslensku samfélagi og niðurstöður eru skoðaðar í ljósi óska fólks um hvernig það vill verja tíma sínum. Greiningin byggir á gögnum “The International Social Survey Programme” um fjölskyldulíf og breytt kynhlutverk sem var safnað árið 2002. Upplýsingar um Ísland byggja á sambærilegum gögnum sem var safnað árið 2005. Helstu niðurstöður eru þær að þrátt fyrir almennt jákvætt viðhorf til vinnu vill talsverður fjöldi Íslendinga draga úr vinnuálagi og verja meiri tíma til annarra hluta. Þá eru árekstrar vinnu og heimila tíðari á Íslandi en í samanburðarlöndunum og helgast það að mestu af löngum vinnutíma. Þrátt fyrir það virðast Íslendingar hvorki telja vinnu sína né heimili vera mikla streituvalda í lífi sínu.

## ABSTRACT

In this paper we examine data on the workload at work and in homes, as well as on the work-line balance in Iceland. We examine whether work and family life are generally seen as stressors in Icelandic society and the results are interpreted in light of people's self-reported preferences about time-use. The analysis is based data on families and changing gender roles that was collected by the International Social Survey Programme in 2002. The data on Iceland comes from a replication of the ISSP survey that was carried out in Iceland in 2005. It is my conclusion that a large proportion of people would prefer to spend less time at work and more time on other things, despite a generally positive attitude towards paid labour in Iceland. Work-life conflicts are also more frequent in Iceland than in the other Western countries, mostly in account of long work-hours. Despite this neither work nor the household appear to be regarded as particular sources of stress by most people.

## UM HÖFUND

Kolbeinn Stefánsson er sérfræðingur á Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, stundakennari við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og doktorsnemi í félagsfræði við Oxford háskóla.

# SAMSPIL VINNU OG HEIMILIS

## ÁLAG OG ÁREKSTRAR

KOLBEINN H. STEFÁNSSON

---

### 1. INNGANGUR

Íslendingar verja almennt löngum tíma í launaða vinnu samanborið við flestar aðrar þjóðir. Atvinnupátttaka og fjöldi vinnustunda eru með því mesta sem þekkest og á það bæði við um karla og konur. Á sama tíma verjum við tiltölulega litlum tíma til heimilisstarfa samanborið við nágrannalöndin. Spyrja má hvort þetta mynstur sé í samræmi við óskir fólks og hvaða afleiðingar þetta mynstur hefur á lífsgæði fólks ef svo er ekki. Getur til dæmis hugsast að Íslendingar séu hrjáðir af tímaleysi vegna of mikils vinnuálags? Að mikið vinnuálag komi niður á heimilishaldi og fjölskyldulífi? Eða kann að vera að langur vinnutími og mikil atvinnupátttaka endurspegli mikilvægustu forgangsröðun og langanir íslensku þjóðarinnar?

Í þessum kafla munum við leitast við að svara þessum spurningum. Í 2. hluta þessa kafla munum við kanna hverjar óskir fólks um vinnutíma eru og meta hvort þær endurspeglar raunverulegt val fólks. Í 3. hluta munum við kanna hversu miklu álagi fólk telur sig vera undir í vinnunni og í 4. hluta metum við hversu miklu álagi fólk telur sig vera undir í heimilislífi sínu. Í 5. hlutanum könnun við svo árekstra heimilis og vinnu, þ.e. hvort fólk telur annað koma niður á hinu.

### 2. HVERNIG VILJUM VIÐ VERJA TÍMA OKKAR

Það er lífseig kenning hagfræðinga að vinnan sé ónæði sem fólk leggur á sig til að sjá sér farborða (sjá Robert Lane 1992 fyrir ítarlega og gagnrýna umfjöllun um þessa kenningu). Samkvæmt þessari kenningu er fólk tilbúið til að auka við sig vinnu svo fremi sem ánægjan sem hlýst af auknum tekjum er meiri en ónæðið sem hlýst af aukinni vinnu. Ánægjan sem hlýst af tekjum er talin takmarkast af lögmálinu um minnkandi jaðarnyt þannig að hver króna í viðbót veitir minni ánægju en sú sem aflar var á undan. Afleiðingin er sú að hver einstaklingur er tilbúinn til að vinna tiltekinn hámarksfjölda vinnustunda fyrir tiltekna fjárhæð.

Helsti kostur þessarar kenningar er að hún er einföld og auðvelt er að leiða af henni skýrar tilgátur um atferli fólks. Til að mynda spáir kenningin fyrir um að fólk vinni nákvæmlega jafn margar stundir og það óskar miðað við þau laun sem eru í boði. Aðrir hafa þó gagnrýnt þessa kenningu enda sé hún ekki í samræmi við raunveruleikann. Fyrir það fyrsta er gert ráð fyrir að viðhorf fólks til vinnunar séu almennt neikvæð. Rannsóknir benda hinsvegar til þess að fólk hafi frekar jákvæð viðhorf til vinnu enda sé hún vettvangur félagslegra tengsla og andlegrar örvunar, sem og forsenda sjálfsvirðingar og annarra þátta sem fólk metur mikils óháð þeim launum sem eru í boði (t.d. White 1991). Þetta skýrir hvers vegna rannsóknir hafa sýnt að atvinnulaust fólk er tilbúið til að

taka störf sem skila þeim minni fjárhagslegum ávinningi en atvinnuleysisbætur og hvers vegna fólk tekur ekki alltaf því atvinnutilboði sem býður hæstu launin þegar aðrir þættir starfsins eru ekki nægilega aðlaðandi, en slíkt atferli er ekki í fullu samræmi við tilgátur sem leiða af klassískum kenningum hagfræðinga.

Þeir eru fáir hagfræðingarnir sem myndu kippa sér upp við þessa gagnrýni enda auðvelt að aðlaga kenningu þeirra til að taka tillit til fleiri þátta en tekna sem uppsprettu ánægju. Til að mynda mætti umorða kenninguna þannig að fólk meti þá ánægju og óánægju sem hlýst af hverri viðbótar vinnustund samanborið við þá ánægju og óánægju sem gæti hlotist af annarrar iðju sem það gæti varið tíma sínum til og að fólk taki inn í þann útreikning ýmsa kosti og galla bæði vinnu sinnar og hvers þess annars sem það gæti tekið sér fyrir hendur (Becker 1993). Þessi kenning fórnar örlitlu af einfaldleika fyrri kenningarinnar en byggir á mun traustari forsendum um mannlegt atferli. Tilgátur sem leiða af þessari kenningu eru hinsvegar nokkuð svipaðar þeim sem leiddu af fyrri kenningunni, þ.e. að fólk vinni nákvæmlega jafn lengi og það sjálft vill, þegar allt hefur verið tekið inn í reikninginn, og ekki stundinni lengur enda ljóst að fólk myndi vinna skemur ef önnur iðja en vinnan höfðaði meira til þeirra.

Það er auðvelt að sjá af hverju þetta kann að virðast svona frá sjónarhorni fræðimannsins sem oftast en ekki hefur vinnu sína í senn að áhugamáli og sem tekjulind. En flest störf eru bundin ákveðnum fjölda klukkustunda á viku og ákveðnum tímum sólarhringsins og launþegar eiga því sjaldnast kost á að fækka vinnustundum einhliða. Líklega myndu flestir yfirmenn reka upp stór augu ef einhver undirmaður þeirra myndi tilkynna þeim að hann ætlaði héreftr aðeins að vinna 6 stundir á dag í stað 8 þar sem það veitti honum meiri ánægju að verja þeim tveimur stundum sem á milli skilur í sundi eða bíó eða með fjölskyldu sinni fremur en að verja þeim á vinnustaðnum. Þá hafa launþegar aðeins takmarkaða stjórn á því hve mikinn fjölda yfirvinnutíma þeir vinna því stundum er ekki yfirvinna í boði. Á hinn bóginn getur reynst þeim erfitt að neita að taka að sér yfirvinnu vegna stöðu sinnar á vinnustað, jafnvel þó þeir kjósi heldur að verja tímanum til annars (Gallie o.fl. 1998). Þá eru ekki allir í þeirri stöðu að geta skipt um starf eftir hentisemi til þess að annaðhvort hækka laun sín eða fækka vinnustundum. Vinnumarkaðir virka einfaldlega ekki þannig enda er fólk oft bundið uppsagnafrest eða þá að heppilegri störf eru einfaldlega ekki í boði (Granovetter 1995).

Þá er ýmislegt annað sem setur fólki skorður. Fjárhagslegar skuldbindingar, neyslukröfur, samfélagsumhverfi og margt annað getur kallað á umtalsverða vinnu umfram það sem fólk er tilbúið til að leggja á sig ef þessir þættir hefðu ekki áhrif. Það er ekki ósennilegt að þetta eigi við á Íslandi, t.d. búum við við hátt húsnæðisverð, hátt matvælavæð, mikla neysluhyggju, mikla skuldsetningu heimilanna og hátt vaxtastig, samanborið við aðrar þjóðir á Vesturlöndum. Þetta eru allt þættir sem setja fólki skorður við ákvarðanatöku um vinnutíma. Margir þessara þátta eru nokkuð sem einstaklingar hafa enga stjórn á og sumir þeirra eru þess eðlis að einstaklingar gátu ekki séð þá fyrir þegar þeir tóku ákvarðanir um neyslu og fjárhagslegar skuldbindingar í fortíðinni og því er ekki sannfærandi að reyna að víkka kenninguna enn frekar með því að taka slíka þætti inn í ánægjustuðla einstaklinga. Raunverulegan vinnutíma fólks og afstöðu til hans verður því alltaf að skoða í samhengi við

**Tafla 1: Hugsaðu um vinnutíma þinn og laun fyrir aðalstarf þitt, þar með talið fasta yfirvinnu. Ef þú gætir valið á milli eftirfarandi þriggja möguleika – hvern myndir þú velja? - Dreifing svara**

	Vinna lengri vinnutíma og fá hærri tekjur	Vinna sama vinnutíma og fá sömu tekjur	Vinna styttri vinnutíma og fá lægri tekjur	Samtals
<b>Allir</b>	<b>10,1%</b>	<b>71,1%</b>	<b>18,8%</b>	<b>100%</b>
Karlar	10,3%	73,0%	16,7%	100%
Konur	10,0%	69,2%	20,8%	100%


félagslegar og efnahagslegar aðstæður þess og með hliðsjón af vinnumarkaðsumhverfinu á hverjum tíma.

Tafla 1 gefur vísbendingu um tengslin á milli tekna og vinnutíma. Við fyrst sýn virðist taflan styðja nokkuð við kenningu hagfræðinga um tengsl tekna og vinnustunda þar sem um 7 af hverjum 10 einstaklingum myndu vilja halda óbreyttum vinnutíma og óbreyttum tekjum. Mynstrin eru mjög svipuð fyrir bæði kynin, þó ögn hærra hlutfall karla vilji halda óbreyttum vinnutíma og sömu tekjum (73% karla á móti 69,2% kvenna) og að ögn fleiri konur væru tilbúnar að taka á sig tekjumissi til að fækka vinnustundum (20,8% kvenna á móti 16,7% karla). Það virðist því vera að meginþorri fólks vinni þar til það hefur aflað þeirra tekna sem það þarf þó einhverjir hafi enn ekki fundið starf sem hentar aðstæðum þeirra. Þessi niðurstaða væri engu að síður fljótfrænisleg því óskir fólks um vinnutíma og tekjur geta í senn stýrst af óskum þess og þörfum og aðeins þær fyrrnefndu eru í samræmi við kenningu hagfræðinnar um tengsl tekna og vinnutíma, enda geta fámáfræðingar skuldbindingar fólks neytt það til að vinna mun lengur en það óskar sér eins og kom fram hér að ofan. Frekari greiningar er því þörf áður en við drögum ályktanir um hvað býr að baki hinni miklu vinnusemi Íslendinga.

Mynd 1 hér að neðan sýnir dreifingu svara við einfaldri spurningu um óskir fólks um lengd vinnutíma óháð öðru. Ef dreifing svara er svipuð þeirri sem kom fram í töflu 1 hér að ofan og ef há fylgni væri á milli umræddra breyta, þá mætti túlka það sem stuðning við kenningu hagfræðinnar um tengsl launa og vinnustunda, enda myndi það þýða að sama fólkið væri að stórum hluta að gefa sömu svörin við báðum spurningum. Ef við skoðum myndina sjáum við hins vegar að dreifing svara er önnur en í töflu 1 þó hún sé ekki að öllu leyti frábrugðin. Munurinn felst aðallega í því að mun færri segjast vilja vinna óbreyttan vinnutíma (46,7% á móti 71,10%) og mun fleiri vilja vinna skemur (42,3% á móti 18,8%) þegar ekki er tekið tillit til tekna. Þetta bendir til þess að tekjubörf heimila hafi talsverð áhrif á vinnutíma fólks.

Einhver kynni að benda á að samkvæmt mynd 1 er stærsti einstaki hópur svarenda þeir sem eru sáttir við vinnutíma sinn og túlka það sem stuðning við þá kenningu að vinnutími fólks sé almennt í samræmi við óskir þess. Það væri ansi hæpin túlkun á þessum gögnum enda er ljóst að mjög stór hluti svarenda (42,3%) vill draga úr vinnu. Þetta á sérstaklega við um íslenska karlmenn, 48,5% þeirra vilja draga úr vinnu sem er hærra hlutfall en hjá þeim sem vilja halda óbreyttum vinnutíma (41,4%). Það er því ljóst að talsverður hluti fólks vill draga úr vinnu. Það skýrist ekki með

**Mynd 1: Óskir fólks um vinnutíma - Dreifing svara sundurgreind eftir kyni**



hagfræðikenningum um að fólk líti almennt á vinnuna sem ónæði enda hafa rannsóknir sýnt að viðhorf Íslendinga til vinnunnar eru almennt mjög jákvæð (Stefán Ólafsson 1996).

Það er einnig athyglivert að bera kynjamynstrin í mynd 1 saman við þau sem koma fram í töflu 1. Á mynd 1 er lægra hlutfall karla en kvenna sem segjast sáttir við vinnutíma sinn (41,4% á móti 51,7%) og að sama skapi er hærra hlutfall karla sem vilja draga úr vinnutíma (48,5% á móti 36,4%). Þetta er öfugt við mynstrið í töflunni. Kynbundinn launamunur getur leitt til hlutfallslegra yfirburða karla sem fyrirvinnur og því viðhaldið hinu hefðbundnu fyrirvinnuskipan í fjölskyldum þar sem karlar verja meiri tíma til launaðrar vinnu en konur bera þungan af heimilishaldinu, þrátt fyrir óskir fólks um annað (Presser 1994; Shelton og John 1993; Drobnic, Blossfeld, og Rohwer 1999). Í því ljósi má túlka þennan mun á kynjamynstrunum sem enn frekari vísbendingu um að tekjuþörf heimila sé veigamikil orsök fyrir vinnusemi margra.

Þar sem stór hluti fólks ver meiri tíma til vinnu en það kys er áhugavert að sjá í hvað fólk vill heldur verja tíma sínum. Í töflu 2 er sýnd dreifing svara við spurningum um hvort fólk vilji verja meiri eða minni tíma í heimilisstörf, með vinum, í fjölskylduna, eða til tómstunda. Tölurnar um launaða vinnu eru þær sömu og voru birtar á mynd 1. Svipað hlutfall vill verja meiri tíma með fjölskyldu, vinum og til tómstunda (um 63-66%). Þá vill næstum enginn verja skemri tíma til þessara þátta. Fólk virðist þó hafa sterkasta löngun til að verja meiri tíma með fjölskyldum sínum þar sem 33,1% segjast vilja verja “miklu meiri tíma” og 22,3% segja það sama um tómstundir og 17,7% um vini. Dreifing svara er nokkuð svipuð hjá körlum og konum hvað varðar vini og tómstundir. Hinsvegar er skýr kynjamunur þegar kemur að fjölskyldunni, en 75% karla vilja verja meiri tíma með fjölskyldum sínum samanborið við 58,8% kvenna. Þetta endurspeglar þá staðreynd að konur verja ekki aðeins meiri tíma til heimilisstarfa heldur einnig í tengsl og stuðning við fjölskyldumeðlimi

**Tafla 2: Myndir þú vilja eyða meiri, svipuðumeða minni tíma en þú gerir nú í ...  
(sundurgreining eftir kyni)**

	Miklu meiri tími	Svolítið meiri tími	Sama tíma og nú	Svolítið minni tími	Miklu minni tími	Samtals
<b>Launuð vinna</b>	<b>4,4%</b>	<b>6,6%</b>	<b>46,7%</b>	<b>29,4%</b>	<b>12,9%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	4,8%	5,4%	41,4%	31,5%	17,0%	100,0%
Konur	4,1%	7,7%	51,7%	27,3%	9,1%	100,0%
<b>Heimilisstörf</b>	<b>6,6%</b>	<b>22,6%</b>	<b>52,6%</b>	<b>11,9%</b>	<b>6,2%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	11,2%	32,4%	45,6%	9,1%	1,8%	100,0%
Konur	2,6%	13,9%	58,9%	14,4%	10,2%	100,0%
<b>Fjölskyldan</b>	<b>33,1%</b>	<b>33,2%</b>	<b>33,0%</b>	<b>0,7%</b>	<b>0,0%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	37,8%	37,2%	25,1%	0,0%	0,0%	100,0%
Konur	29,0%	29,8%	41,3%	0,0%	0,0%	100,0%
<b>Vinir</b>	<b>17,7%</b>	<b>46,8%</b>	<b>35,2%</b>	<b>0,4%</b>	<b>0,0%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	16,9%	49,6%	33,5%	0,0%	0,0%	100,0%
Konur	18,3%	44,2%	37,4%	0,0%	0,0%	100,0%
<b>Tómstundir</b>	<b>22,3%</b>	<b>41,1%</b>	<b>35,5%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0,1%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	24,5%	41,1%	34,4%	0,0%	0,0%	100,0%
Konur	20,3%	41,1%	38,5%	0,0%	0,0%	100,0%

en aukið framlag karla á vinnumarkaði kemur bæði niður á þátttöku þeirra í heimilisstörfum og á tengslum þeirra við fjölskyldur sínar. Það er loks athyglisvert að flestir karlar segjast vilja verja meiri tíma í fjölskylduna.

Talsverður munur er á óskum kynjanna um tíma til heimilisstarfa. Mun hærra hlutfall karlar en kvenna vilja auka þann tíma sem þeir verja til heimilisstarfa (43,6% á móti 16,5% hjá konum). Þetta er í samræmi við það að konur bera nú þegar almennt meiri þunga af heimilisstörfum. Það er hinsvegar athyglivert að nær 60% kvenna virðast sáttar við þann tíma sem þær verja til heimilisstarfa og aðeins tæp 25% vilja draga úr honum. Þetta kann að endurspegla þá staðreynd að Íslendingar verja almennt litlum tíma til heimilisstarfa og því ekki sjálfgefið að konum finnist heimilisstörfin vera uppspretta álags þrátt fyrir að þær beri þungann af þeim.

Engu að síður er rétt að setja fyrirvara við þessar tölur, sérstaklega þær sem lúta að óskum um tíma með fjölskyldu og til heimilisstarfa þar sem hugmyndir fólks um hvernig það á að svara geta skekkt svörin (Converse og Presser 1986). Til dæmis má ætla að flestum þætti óviðeigandi að tjá óskir um minni tíma með fjölskyldu sinni miðað við þá stöðu sem fjölskyldan hefur í íslensku samfélagi. Þá má einnig ætla að karlmenn séu ekki eins áhugasamir um að bæta á sig heimilisstörfum eins og þessar tölur gefa til kynna og að hluti af dreifingunni skýrist af því að karlmenn telja það rétt að hafa slíkar skoðanir óháð því hverjar þeirra eigin skoðanir eru í raun og veru. Engu að síður eru þau mynstur sem birtast í tölunum nokkuð afgerandi og því má líta á þetta sem skýra vísbendingu um að óskir fólks um hvernig það vill verja tíma sínum séu ekki í samræmi við hvernig það ver tíma sínum í raun og veru.

### 3. ÁLAG Í VINNU

Í ljósi þess að talsvert stór hópur fólks ver meiri tíma til vinnu en það óskar sér er ekki fráleitt að ætla að vinnan geti verið uppspretta álags og streitu fyrir marga. Í þeim gögnum sem við erum að vinna með eru tvær spurningar sem lúta að vinnunni sem uppsprettu álags. Önnur spurningin lýtur að verkefnaálagi á vinnustað, þ.e. hvort fólk hafi nægan tíma í vinnu til að ljúka öllum verkefnum sem þarf að sinna. Hin snýst um hvort vinnan sé beinlínis streituvaldur. Það er ekki sjálfgefið að það séu bein tengsl á milli þessara tveggja breyta þar sem fólk getur verið í álagsstarfi sem það hefur mikla ánægju af sem aftur hlífir því við streitu (sjá þó Gallie o.fl. 1998). Til dæmis er mögulegt að í mörgum tilfellum upplifi fólk verkefnaskort og einföld verkefni á vinnustað sem streituvald, ekki síður en of mikið verkefnaálag (Kohn og Schooler 1982). Þá er ýmislegt annað en verkefnaálag í vinnu sem getur valdið streitu, s.s. andinn á vinnustað, samskipti við yfirmenn, slæm vinnuaðstaða og langir vinnudagar, svo eitthvað sé nefnt (Jencks o.fl. 1988).

Það er ekki augljóst hvað langur vinnutími Íslendinga segir um álag í vinnunni. Hugsanlega vinnum við lengi til að komast yfir allt sem þarf að gera. Á hinn bóginn er hugsanlegt að álagið aukist með auknum vinnustundum þannig að við komumst samt ekki yfir öll verkefni vinnudagsins. Þá er þjóðarframléiðsla Íslendinga með því hæsta innan OECD ef miðað er við höfðatölu en í lægri kantinum ef við miðum við fjölda vinnustunda, eins og áður hefur komið fram. Þetta hefur leitt til þess að sumir telja að það sé einkenni á launavinnu Íslendinga að við erum lengi í vinnunni en afköstum ekki endilega mjög miklu. Ein skýring er sú að löngum vinnutíma fylgi gjarnan minnkandi afköst til lengri tíma litið og rannsóknir benda til þess að það sé einmitt tilfellið, eins og var fjallað um í fyrri köflum. Þó eru önnur einkenni á íslenskum vinnumarkaði sem er vert að hafa í huga þegar við skýrum litla framléiðni á hverja unna stund. Í fyrsta lagi eru Íslendingar lengur á vinnumarkaði en fólk í samanburðarlöndunum. Ýmis veikindi verða tíðari með aldri og verður ásamt öðru til þess að draga úr starfsorku fólks (Stefán Ólafsson 2005). Þá fara saman á Íslandi mjög mikil atvinnuþátttaka og mikil eftirspurn eftir vinnuafli sem þýðir að einstaklingar sem að ættu erfitt með að finna sér vinnu í öðrum löndum vegna lítillar framléiðni eru líklegri til að vera í launaðri vinnu en sambærilegir einstaklingar erlendis. Það kann því að vera að mikil atvinnuþátttaka skýri að hluta hvers vegna framléiðni á hverja unna stund er svo lág sem raun ber vitni.

Í töflu 3 sjáum við svör við spurningu um hvort vinnutími nægi til að komast yfir öll verkefni. Það er athyglivert að svarendur skiptast í tvo stóra

**Tafla 3: Það er svo mörgu að sinna í vinnunni að oft hef ég ekki tíma til að ljúka því öllu(dreifing svara sundurgreind eftir kyni).**

	Mjög		Hvorki	Mjög		
	sammála	Sammála	né	Ósammála	ósammála	Samtals
Allir	26,3%	29,3%	4,6%	19,5%	20,4%	100,0%
Karlar	30,7%	31,6%	4,5%	16,6%	16,6%	100,0%
Konur	22,0%	27,0%	4,7%	22,3%	24,0%	100,0%




andstæða hópa. Meirihluti þeirra (55,6%) telur sig hafa svo mörgum verkefnum að sinna í vinnunni að vinnutíminn nægi ekki til að ljúka þeim, en umtalsverður hópur (39,9%) er ósammála. Það er ekki endilega augljóst hvernig ber að túlka þessi svör. Til að mynda er ekki víst að þeir sem eru ósammála fullyrðingunni líði verkefnaskort í vinnunni (þó það sé ekki ósennilegt að stór hluti þeirra sem eru mjög ósammála geri það). Það sem stendur upp úr er að meirihluti svarenda telur sig líða tímaskort í vinnunni. Þá er talsvert hærra hlutfall karla en kvenna sem kvartar undan tímaleysi, eða 62,3% karla á móti 49% kvenna, sem er athyglivert þegar horft er til þess að karlar vinna að jafnaði lengri vinnutíma en konur.

Einar og sér segja þessar tölur ekki alla söguna. Það er ekki fyrr en við berum okkur saman við aðrar þjóðir að við fáum tilfinningu fyrir því hvort þetta sé mikið eða lítið álag. Það er algengt að nota meðaltöl þegar breytur eru bornar saman á milli þjóða. Í okkar tilfalli er það þó ekki vænlegur kostur enda um raðbreytu að ræða, en slíkar breytur hafa ekki þá tölfræðilegu eiginleika sem þarf til að reikna meðaltöl (Agresti of Finlay 1997). En jafnvel ef við gætum reiknað meðaltalið þá er annað sem stendur í vegi fyrir því að við gerum það, nefnilega að dreifing svara á Íslandi er nærri því að vera tvískauta og því ljóst að meðaltalið segði okkur lítið þar sem meðaltalið er í raun frábrugðið reynslu flestra svarenda í rannsókninni.

Önnur leið til að meta stöðu Íslands er að skoða aðeins hlutfall svarenda sem telja sig líða tímaskort enda er auðveldara að túlka þann enda svarskalans en hinn, eins og var rætt hér að ofan. Það er sú leið sem verður farin hér. Þó er ástæða til að setja frekari fyrirvara við þann samanburð sem við birtum hér. Ástæðan er að ólíkir einstaklingar byggja mat sitt á vinnuálagi á mismunandi forsendum, t.d. mismunandi vinnutíma, verkefnaálagi og vinnusemi. Þá er einnig vandkvæðum háð að bera umrætt meðaltal saman á milli landa þar sem ýmsir þættir draga úr sambærileika svara á milli landa (Goldthorpe 2000). Til dæmis getur verið um að ræða mismunandi hugmyndir um hvernig beri að svara spurningum um vinnuálag. Í einu landi gæti verið tilhneiging til að svör séu skekkt niður á við af því svarendum þyki það gefa til kynna að þeir séu mjög skilvirkir í vinnu, en í öðru landi gætu svörin verið skekkt upp á við ef fólk þar tengir vinnuálag við mikilvægi starfs. Í báðum tilfellum er um að ræða menningarbundna skekkju í svörum sem skekkir meðaltölin í sitt hvora áttina. Slíkir þættir geta skert sambærileika. Engu að síður má ætla að það sé jákvæð fylgni á milli raunverulegs verkefnaálags og skynjun fólks þar á og því má líta á þessar upplýsingar sem vísbendingu þrátt fyrir að það beri að taka þeim með fyrirvara. Þá er ekki ósennilegt að skynjun fólks á verkefnaálagi hafi meiri áhrif á líðan þeirra og velferð en raunverulegt verkefnaálag, þar sem streita vegna álags er að einhverju leyti spurning um upplifun á álagi, sem sést á því að ýmsir kostir álagsstarfa geta dregið úr þeirri streitu sem af þeim kann að hljótaskast (Kohn og Schooler 1982; Jencks o.fl. 1988).

Mynd 2 sýnir hlutfall svarenda sem eru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að það sé svo mikið að gera í vinnunni að þeim endist ekki vinnutíminn til að ljúka öllum verkefnum. Þessi samanburður sýnir að Íslendingar eru í efri kantinum á dreifingunni. Það er ekki ástæða til að taka nákvæm hlutföll of alvarlega en þetta er engu að síður vísbending um að Íslendingar upplifi talsvert verkefnaálag á vinnustað. Þetta er viss ráðgáta í

**Mynd 2: Það er svo mörgu að sinna í vinnunni að oft hef ég ekki tíma til að ljúka því öllu - hlutfall (%) svarenda í ólíkum löndum sem eru sammála eða mjög sammála fullyrðingunni (Sundurgreint eftir kyni)**



Ijósi upplýsinga um þjóðarframleiðslu Íslendinga á hverja unna stund. Því miður getum við ekki varpað ljósi á hana með þeim gögnum sem liggja til grundvallar þessari greiningu, en það kann að vera að langir vinnudagar dragi þrótt úr fólki þannig að það komi minna í verk jafnvel þó það gegni störfum sínum af samviskusemi og kostgæfni. Rannsóknir erlendis hafa sýnt að svo getur verið. Ef það er svo er ástæða til að velta fyrir sér hvort endurskipulagning vinnuferla gæti ekki skilað svipuðum afköstum á skemmri vinnutíma, öllum til hagsbóta.

Að lokum er vert að merkja að Ísland tilheyrir litlum hópi þjóða þar sem sýnilegur munur er á mati kynjana á verkálagi á vinnustað þeirra á þann veg að karlar telja álag vera meira en konur. Hin löndin eru Sviss, Nýja Sjáland, Bandaríkin, Írland, Frakkland, og Holland. Hið öndverða á við í mun færri löndum, þ.e. Svíþjóð, Spáni og austur hluta Þýskalands og er kynjamunurinn talsvert minni í þessum löndum.

Eins og við tókum fram hér að ofan er ekki sjálfgefið að mikið verkefnaálag á vinnustað skili sér í streitu eða því að starfsfólk upplifi andlegt álag. Fyrir það fyrsta er margt annað sem getur valdið fólki streitu á vinnustað, auk þess sem álag þarf ekki að vera streituveldandi ef fólk hefur ánægju af krefjandi verkefnum. Í þeim gögnum sem við erum að vinna með var einnig spurt hversu sammála eða ósammála svarendur eru þeirri fullyrðingu að starf þeirra utan heimilis valdi þeim sjaldan streitu. Ef hátt hlutfall Íslendinga sér starf sitt sem streituveld er það frekari vísbending um að við þurfum að huga að skipulagi vinnunnar á Íslandi enda bæti það lífsgæði fólks að hafa meiri tíma með fjölskyldum sínum, vinum og til tómstunda.

Í töflu 4 sjáum við dreifingu svara við því hvort starf fólks utan heimilis valdi því streitu. Mynstrið er að mörgu leyti spegilmynd þess sem við sáum í töflu 3. Mynstrið er enn tvíþóla en nú er það meirihlutinn sem telur vinnuna


**Tafla 4: Starf mitt utan heimilis veldur mér sjaldan streitu**

	Mjög		Hvorki né	Mjög		Alls
	sammála	Sammála		Ósammála	ósammála	
<b>Allir</b>	<b>30,1%</b>	<b>24,1%</b>	<b>5,1%</b>	<b>23,8%</b>	<b>16,9%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	27,5%	26,0%	4,5%	25,1%	17,0%	100,0%
Konur	32,7%	22,3%	5,8%	22,5%	16,8%	100,0%

ekki vera streituvald (54,2%) en stór minni hluti (40,7%) telur hana vera það. Ögn hærra hlutfall karla en kvenna telur vinnuna vera streituvald (42,1% á móti 39,3%). Þá er athyglivert að mun hærra hlutfall kvenna en karla eru mjög ósammála því að vinnan sé streituvaldur, eða 32,7% á móti 27,5%. Þetta er í samræmi við rannsóknir sem sýna að vinnan skipar almennt hærra sess í lífi karla en kvenna. Þá bendir munurinn á tölum 3 og 4 til þess að verkefnaálag sé aðeins einn þeirra þátta sem geta virkað sem streituvaldur. Að auki má ætla að mat á verkefnaálagi stýrist að stórum hluta af aðstæðum á vinnustað en þættir sem gera vinnuna að streituvald geta átt sér stað utan vinnustaðar. Til dæmis getur vinnan virkað sem streituvaldur á fólk sem finnst hún taka of mikinn tíma frá fjölskyldunni.

Eins og áður er gagnlegt að bera þessar tölur saman við önnur lönd til að fá tilfinningu fyrir því hve stór streituvaldur vinnan er á Íslandi. Mynd 3 sýnir hlutfall svarenda sem eru ósammála eða mjög ósammála því að starf þeirra utan heimilis valdi þeim sjaldan streitu, þ.e. telja að vinnan sé streituvaldur. Ísland er í neðsta sæti yfir hlutfall þeirra sem telja vinnuna vera streituvald. Skynjun fólks á tímaleysi á vinnustað þrátt fyrir langar stundir virðist ekki leiða

**Mynd 3: Starf mitt utan heimilis veldur mér sjaldan streitu - hlutfall (%) svarenda í ólíkum löndum sem eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni (Sundurgreint eftir kyni)**



til almennrar streitu á Íslandi samanborið við önnur lönd. Þeir fyrirvarar sem voru settir við samanburðinn í mynd 2 eiga einnig við hér.

Myndin sem þessi greining gefur er að Íslendingar verja löngum tímum til launaðrar vinnu. Þrátt fyrir það telur stór hluti fólks sig ekki hafa nægilegan tíma í vinnunni til að klára öll verkefni. Engu að síður virðist vinnan ekki vera sérstaklega mikill streituvaldur á Íslandi, þegar við berum okkur saman við önnur lönd, sem gæti bent til að álag í vinnu sé ekki sérstaklega mikið á Íslandi. Það er í samræmi við vísbendingar um að framleiðni á unnar stundir sé ekki mjög mikil á Íslandi. Einnig kann þetta að endurspeglar jákvætt viðhorf Íslendinga til vinnu utan heimilis (Stefán Ólafsson 1996).

#### 4. ÁLAG Á HEIMILUM

Rannsóknir á árekstrum á milli heimilis og vinnu hafa að mestu verið takmarkaðar við áhrif vinnu á heimilislíf og hefur þá oftast en ekki verið horft sérstaklega til áhrifa á fjölskyldur sem hafa tvær fyrirvinnur í fullu starfi. Þessi áhersla er skiljanleg þegar við horfum til þess að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist verulega á undanförunum áratugum og er í rauninni veigamikill þáttur í þeim umfangsmiklu þjóðfélagsbreytingum sem hafa gengið yfir, enda ástæða til að svo umfangsmikil breyting hafi langvarandi áhrif á gæði fjölskyldu- og heimilislífs. Þessi áhersla var þó að einhverju leyti barn síns tíma og endurspeglar vissu gildismat sem leit á umrædda þjóðfélagsbreytingu sem uppsprettu félagslegra vandamála, enda hlyti hún að koma niður á fjölskyldulífinu sem menn töldu vera gott og eftirsóknarvert í sjálfu sér. Fjölskyldan væri griðarstaður fólks og vettvangur jákvæðra samskipta sem væri bæði eftirsóknarverður og endurnærandi (Perry-Jenkins o. fl. 2000).

Rannsóknir hafa í seinni tíð bent til þess að áhrif aukinnar vinnuþátttöku kvenna séu síður en svo á einn veg. Fyrir það fyrsta eru fjöldi annarra breytinga sem vinna á móti mögulegum neikvæðum áhrifum, auk þess sem þær forsendur sem menn gáfu sér varðandi viðfangsefnið virðast margar hverjar hafa verið umdeilanlegar (Rogers 1996; Perry-Jenkins 2000). Þá vöktu femínistar athygli á því að heimilið getur allt eins verið vettvangur átaka og árekstra ekki síður en vinnustaðir (Hartman 1981), þó margt bendi til að of mikið hafi verið gert úr átökum innan fjölskyldna. Fjölskyldur eru í mörgum tilfellum samstarfsvettvangur þar sem árekstrar ólíkra hagsmuna fjölskyldumeðlima eru leystir með samkomulagi og málamiðlunum fremur en með kúgun og valdbeitingu (Bradbury o. fl. 2000). Allt þetta olli því að í seinni tíða hafa sjónir fólks beinst í auknum mæli að samspili heimilis og vinnu þar sem því er veitt sérstök athygli að heimilislífi getur fylgt álag og streita sem kemur niður á launaðri vinnu.

Líkt og með vinnustaðina erum við með tvær breytur sem mæla álag á heimili. Sú fyrri lýtur að verkefnaálagi á heimili þar sem fólki er gert að taka afstöðu til staðhæfingar um að það hafi svo mörgum verkefnum að sinna á heimili að því endist ekki tíminn til að ljúka þeim öllum. Hin breytan byggir á afstöðu fólks til staðhæfingar um að heimilið sé sjaldan streituvaldur. Fyrirfram er ekki augljóst við hverju er að búast. Íslendingar verja almennt litlum tíma til heimilisstarfa samanborið við aðrar þjóðir og því mætti ætla að tímaskortur til heimilisstarfa væri algengur á Íslenskum heimilum. Á móti kemur að sá tími

**Tafla 5: Það er svo mörgu að sinna heima fyrir að oft hef ég ekki tíma til að ljúka því öllu**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Samtals
<b>Allir</b>	<b>21,8%</b>	<b>27,6%</b>	<b>4,9%</b>	<b>23,4%</b>	<b>22,3%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	20,0%	31,3%	6,0%	22,4%	20,3%	100,0%
Konur	23,5%	24,3%	4,0%	24,3%	24,0%	100,0%

sem þarf að verja til heimilisstarfa er ekki fasti heldur ræðst að ýmsu, s.s. aðstæðum, fjölda barna, þeim kröfum sem fólk gerir um hreinlæti eða mataræði, og annars slíks (Bianchi o.fl. 2000). Það að litlum tíma sé varið til heimilisstarfa á Íslandi gæti því endurspeglað að Íslendingar geri ekki sérstaklega miklar kröfur til sjálfs sín hvað varðar heimilishald.


Í töflu 5 sjáum við að nær helmingur svarenda (49,4%) telur sig skorta tíma til að ljúka öllum þeim verkefnum sem þeir þurfa að sinna á heimilum sínum. Ívið hærra hlutfall karla en kvenna (51,3% á móti 47,8%) telur sig skorta tíma til heimilisstarfa, sem er athyglivert þar sem konur bera mun meiri þunga af heimilishaldinu, eins og kom fram í kaflanum hér á undan. Það er reyndar ekki sjálfgefið að sá sem ber þungann af heimilishaldinu lýði að sama skapi tímaskort til heimilisstarfa þar sem tímaskorturinn getur einnig orsakast af aðstæðum utan heimilis sem geta þrengt að þeim tíma sem fólk hefur til umráða til heimilisstarfa. Til dæmis er hugsanlegt að lítið vinnuframlag karla til heimilisstarfa helgist að hluta til af því að þeir hafi færri verkefnum að sinna á heimilum og að hluta vegna þess að þeir séu líklegri til að vanrækja þau verkefni sem þó falla undir verksvið þeirra, hvort heldur sem er vegna álags á vinnustað eða einhvers annars.

Við vitum auðvitað ekki hvort það hlutfall sem býr við tímaskort til heimilisstarfa á Íslandi er hátt eða lágt fyrr en við höfum borið okkur saman við aðrar þjóðir. Í mynd 4 hér að neðan birtum við slíkan samanburð. Hér berum við saman hlutfall þeirra sem eru sammála og mjög sammála fullyrðingunni um að of mörgu sé að sinna á heimili þeirra. Þetta er betri mæling en meðaltalið þar sem dreifing svara á breytunni er tvíþóla og meðaltalið því óáreiðinleg mæling, eins og hefur komið fram, auk þess sem breytan sem hér um ræðir er raðbreyta. Fyrirvarar sem hafa verið settir við fyrri myndir í þessum hluta eiga einnig við um þessa.

Ísland er í meðallagi samanborið við hin löndin hvað varðar tímaleysi á heimili. Það bendir til þess að tímaskortur til heimilisstarfa sé ekki sérstaklega stórt vandamál á Íslandi þrátt fyrir að við verjum litlum tíma til heimilisstarfa. Það er hinsvegar athyglivert að Ísland, ásamt Þýskalandi, er frávik hvað varðar kynjamynstur þar sem munurinn á milli kynja er mun minni en í öðrum löndum auk þess sem tímaleysi til heimilisstarfa er mun algengara hjá konum en körlum í öðrum löndum. Hér að ofan var varpað fram vangaveltu um hvað ylli því að hærra hlutfall karla en kvenna á Íslandi töldu sig skorta tíma til að sinna húsverkum. Alþjóðlegi samanburðurinn bendir þó til þess að þetta verðskuldi nánari athygli. Því miður gefa þau gögn sem við byggjum þessa greiningu á ekki færi á að skýra þessa sérstöðu Íslands og Þýskalands.

Það er ekki ljóst hvernig ber að túlka tölur um tímaleysi á heimili. Eins og við höfum þegar sagt þá er sá tími sem þarf til heimilisstarfa ekki fasti

**Mynd 4: Það er svo mörgu að sinna heima fyrir að oft hef ég ekki tíma til að ljúka því öllu - hlutfall (%) svarenda í ólíkum löndum sem eru sammála eða mjög sammála fullyrðingunni (Sundurgreint eftir kyni)**



heldur ræðst hann af ýmsum þáttum og því er þetta ekki sérlega skýr mælikvarði um álag á heimilum. Því liggur beint við að spyrja fólk um hvort það telji heimili sitt vera streituvald. Hafa verður þó í huga að það er fleira en vinnuálag sem getur gert heimilið að streituvaldi, til dæmis ef það er ósætti eða átök á heimilinu (Bradbury o. fl. 2000).


Í töflu 6 hér að ofan sjáum við að tæpur fjórðungur svarenda telur heimili sitt vera streituvald, en um þrír af hverjum fjórum telja svo ekki vera. Þá er kynmunurinn skýr þar sem mun hærra hlutfall kvenna en karla telur svo vera (26,9% á móti 19,5%). Það er sannfærandi að sá aðili sem ver meiri tíma og orku í heimilið upplifi meiri heimilistengda streitu, sem eru í flestum tilfellum konur, þó það sé ekki heldur fráleitt að einstaklingar sem leggur meiri áherslu á launaða vinnu upplifi heimilið sem streituvald ef hann nær ekki að sinna þeim verkefnum sem þó falla undir hans verksvið.

Á mynd 5 hér að neðan berum við svo saman hlutfall þeirra svarenda í mismunandi löndum sem eru ósammála og mjög ósammála þeirri fullyrðingu að heimili þeirra sé sjaldan streituvaldur, þ.e. telja að heimili þeirra sé uppspretta streitu. Hlutfallið virðist vera með lægra móti á Íslandi sem bendir til þess að Íslensk heimili séu almennt ekki miklir streituvaldar. Kynjamynstrin

**Tafla 6: Heimilislífið veldur mér sjaldan streitu**

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Samtals
<b>Allir</b>	<b>47,1%</b>	<b>26,4%</b>	<b>3,1%</b>	<b>15,1%</b>	<b>8,3%</b>	<b>100,0%</b>
Karlar	52,4%	24,6%	3,6%	12,4%	7,1%	100,0%
Konur	42,4%	28,0%	2,6%	17,5%	9,4%	100,0%

**Mynd 5: Heimilislífið veldur mér sjaldan streitu - hlutfall (%) svarenda í ólíkum löndum sem eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni (sundurgreint eftir kyni)**



eru líka skýr. Í öllum tilfellum er mun hærra hlutfall kvenna en karla sem lítur á heimilið sem streituvald í lífi sínu og eins og hefur komið fram þá er Ísland engin undantekning í þeim efnum. Þetta er í samræmi við þá staðreynd að konur bera almennt meiri þunga af heimilishaldinu en karlar. Á heildina lítið benda gögnin því ekki til að íslensk heimili séu sérstaklega miklar uppsprettur álags og streitu samanborið við það sem gerist í samanburðarlöndunum.

## 5. ÁREKSTRAR HEIMILIS OG VINNU

Vinna og heimilislíf eru þeir tveir þættir tilverunnar sem flest fólk ver hvað mestu tíma og orku í og því mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort hvor þáttur um sig er streituvaldur eða uppspretta álags, enda hefur það talsverð áhrif á lífsgæði fólks. Þar sem vinnan og heimilið skipa hvort um sig veigamikinn sess í lífi fólks getur það einnig gerst að þau rekist á þannig að annað komi niður á hinu, með tilheyrandi áhrifum á vellíðan og lífsgæði fólks. Raunar má færa rök fyrir því að leitin að jafnvægi á milli vinnu og heimilis sé eitt af brýnustu verkefnum sem fólk stendur frammi fyrir í daglega lífinu (Crompton 2006).

Í gögnunum er að finna 4 spurningar sem lúta að árekstrum heimilis og vinnu. Tvær spurningar eru ætlaðar til að meta áhrif heimilis á vinnu og tvær til að meta áhrif vinnu á heimilislíf. Almennt er talið að vinnustaðir hafi áhrif á heimilislíf með tvennum hætti (Perry-Jenkins o.fl. 2000). Annarsvegar er vinnan oft tímafrek og dregur úr þeim tíma sem fólk hefur til að sinna heimilisstörfum (Schor 1991; Hochschild 1997). Þetta getur valdið því að fólk vanrækir heimili sín og aukið líkur á átökum innan fjölskyldna. Hin leiðin sem vinnan þrengir að heimilislífinu er í gegnum svonefnda smitferla þar sem álag

á vinnustað hefur áhrif á líðan fólks á heimilum sínum, t.d. með þeim hætti að fólk yfirfærir þirring frá vinnustað yfir á heimili eða skortir orku til að sinna heimilisstörfum (Hughes o.fl. 1992; Crouter o.fl. 1999). Í báðum tilfellum hefur viðkomandi tilhneigingu til að draga sig í hlé frá fjölskyldu sinni og taka minni þátt í samskiptum og heimilisstörfum sem er oftast en ekki til þess fallið að auka á átök á heimilum ef ástandið er viðvarandi (Matthews o.fl. 1996; Bradbury o.fl. 2000).

Því miður vitum við ekki jafn mikið um áhrif heimilislífs á vinnustaði. Það var í raun ekki fyrr en á 10. áratug 20. aldarinnar að áhugi vaknaði af einhverri alvöru á því að kanna þau samfara því að rannsakendur fóru að móta kenningar um heimili og vinnustaði sem svið mannlífsins sem eru tengd í gagnkvæmum orsakasamböndum (sjá t.d. Gutek o. fl. 1991 og Netemeyer o. fl. 1996). Þó vitum við nóg til að geta sagt að álag í vinnu og á heimili eru um margt eðlisólík og því verða félagsvísindamenn að horfa á mismunandi þætti þegar slíkt samspil er metið, þó vissir þættir séu óhjákvæmilega sameiginlegir.

Spurningarnar sem við höfum í þeim gögnum sem við erum að vinna með endurspegla þessa staðreynd. Ein spurning er sameiginleg bæði heimili og vinnustað. Það er sú spurning hvort fólk hafi komið of þreytt af öðrum staðnum til að geta sinnt öllum verkefnum á hinum staðnum. Að auki er spurt um hvort fólk upplifi tímaleysi á heimili vegna þess tíma sem fer í launaða vinnu. Engin sambærileg spurning er fyrir áhrif heimilislífs á vinnuna enda hæpið að ætla að slík tengsl væru fyrir hendi þar sem vinnutími er yfirleitt minna sveigjanlegur og síður undir stjórn viðkomandi en sá tími sem er varið til heimilisstarfa (Crompton 2006). Þá voru svarendur spurðir hversu oft þeir ættu í erfiðleikum með að einbeita sér í vinnu vegna einhvers sem hefði með heimilið að gera. Dreifing svara er birt sundurgreind eftir kyni í töflu 7 hér að neðan.

Það er ekki augljóst hvernig beri að túlka dreifingu svara í töflu 7 þar sem ekki er um jafnbilakvarða að ræða. Það er álitamál hvað skuli draga mörkin á skala sem þessum þegar við ákveðum hvað teljist meira álag en góðu hófi gegnir og rannsakandinn er þannig settur í þá stöðu að ákveða hvaða punktur á skalanum marki þann þröskuld þegar árekstrar heimilis og vinnu eru orðnir of tíðir. Í aðra röndina virðist full frjálst að líta á það sem of mikið álag að fólk komi endrum og eins heim úr vinnu of þreytt til að sinna heimilisstörfum sem of mikið álag. Slíkt getur hent í hvaða starfi sem er. Því ákváðum við að að þeir sem það hendir 1-2 í mánuði yrðu ekki taldir með. Á hinn bóginn væri full þröngt að takmarka samanburðinn við þann hóp sem býr við ofþreytu vegna vinnu sem viðvarandi ástand. Því ákváðum við að draga mörkin við þá sem lenda í því nokkrum sinnum í mánuði eða oftast að koma of þreyttir heim úr vinnu til að sinna heimilisstörfum enda geti það komið niður á lífsgæðum fólks og fjölskyldulífi. Þetta er einnig í samræmi við þau vinnubrögð sem oftast tíðkast í túlkun sambærilegra gagna (sjá t.d. Crompton 2006).

Greiningin hér að framan um álag í vinnu og á heimili gefur tilefni til ákveðinna væntinga um hvaða mynstur einkenni árekstra vinnu og heimilis. Til að mynda má ætla að áhrif vinnu á heimili séu mun meiri en áhrifin í hina áttina þar sem fólk ver mun meiri tíma í vinnu en á heimili, fólk virðist almennt upplifa meira verkefnaálag í vinnu en á heimili, og stærra hlutfall svarenda vill verja minni tíma til vinnu og meiri tíma með fjölskyldum sínum og til heimilisstarfa. Þá má ætla að áhrif vinnu á heimili séu sterkari fyrir karla en




**Tafla 7: Árekstrar heimilis og vinnu: 4 breytur  
- dreifing svara sundurgreind eftir kyni**

	Nokkrum sinnum í viku	Nokkrum sinnum í mánuði	Einusinni eða tvisvar í mánuði	Aldrei	Samtals
<b>Ég hef komið of þreytt(ur) heim úr vinnu til að sinna þeim verkum sem þarf að sinna</b>					
Allir	25,3%	36,3%	21,5%	16,8%	100,0%
Karlar	24,3%	39,1%	19,4%	17,2%	100,0%
Konur	26,4%	33,5%	23,6%	16,5%	100,0%
<b>Ég hef átt erfitt með að sinna fjölskyldunni vegna þess tíma sem ég ver til vinnu minnar</b>					
Allir	13,3%	22,2%	22,8%	41,7%	100,0%
Karlar	16,7%	28,1%	20,7%	34,6%	100,0%
Konur	10,0%	16,2%	24,9%	48,9%	100,0%
<b>Ég hef komið í vinnuna of þreytt(ur) til að sinna verkefnum vegna heimilisstarfa</b>					
Allir	3,1%	8,0%	15,1%	73,7%	100,0%
Karlar	2,1%	7,9%	18,0%	72,0%	100,0%
Konur	4,1%	8,2%	12,2%	75,5%	100,0%
<b>Einbeitingarleysi í vinnu vegna heimilis</b>					
Allir	3,5%	7,7%	22,6%	66,2%	100,0%
Karlar	2,7%	8,2%	25,3%	63,7%	100,0%
Konur	4,3%	7,1%	19,8%	68,7%	100,0%

konur, en áhrif heimilis á vinnu séu að sama skapi meiri fyrir konur en karla. Það helgast af kynbundinni verksskiptingu. Tölurnar í töflunni staðfesta þetta þó kynjamunurinn sé oftast en ekki fremur lítill. Til að forðast misskilning er líka rétt að taka fram að þrátt fyrir að áhrif heimilis á vinnu séu meiri fyrir konur en karla þá eru áhrif vinnu á heimili meiri en áhrif heimilis á vinnuna fyrir bæði kynin. Í árekstrum heimilis og vinnu virðist það því frekar vera heimilið sem vísar en vinnan. Nú er bara að skera úr um hvort þetta mynstur sé frábrugðið því sem við sjáum í öðrum löndum.


Á mynd 6 hér að neðan sjáum við hlutfall þeirra sem segjast koma a.m.k. nokkrum sinnum í mánuði eða oftast of þreyttir/ar heim úr vinnu til að sinna öllum verkefnum sem liggja fyrir á heimilinu samanborið við sama hlutfall í öðrum löndum. Á mynd 7 sjáum við sama hlutfall hvað varðar tímaleysi til heimilisstarfa vegna þess tíma sem er varið í launaða vinnu. Báðar myndirnar benda til þess að árekstrar vinnu við heimilin séu með mesta móti hér samanborið við aðrar þjóðir. Við erum með hæsta hlutfallið af fólki sem kemur nokkrum sinnum í mánuði eða oftast of þreytt heim úr vinnu til að sinna heimilisstörfum og sömu söguna er að segja af hlutfalli fólks sem skortir tíma til að sinna heimilinu vegna þess tíma sem fer í launaða vinnu. Það síðarnefnda er mjög í samræmi við annað sem hefur komið fram í þessari rannsókn. Íslendingar verja að jafnaði löngum tíma á vinnustað sínum og frekar litlum tíma til heimilisstarfa. Það fyrrnefnda er ekki alveg jafn augljóst þar sem tölur um þjóðarframléiðslu á hverja unna stund benda til þess að ekki

**Mynd 6: Ég hef komið of þreytt(ur) heim úr vinnu til að sinna þeim verkum sem þarf að sinna á síðustu þremur mánuðum - Hlutfall (%) svarenda í mismunandi löndum sem telja svo vera nokkrum sinnum í mánuði eða oftar (sundurgreint eftir kyni)**




sé sérstaklega mikið álag á íslenskum vinnustöðum nema hvað varðar lengd vinnutíma (þó einnig sé rétt að hafa í huga að hátt hlutfall íslendinga virðist upplifa tímaskort í vinnunni; sjá mynd 2). Þó er ekki fráleitt að ætla að langir vinnudagar séu lýjandi í sjálfu sér hvernig sem verkefnaálagi er háttað á

**Mynd 7: Ég hef átt erfitt með að sinna fjölskyldunni vegna þess tíma sem ég ver til vinnu minnar á síðustu þremur mánuðum - Hlutfall (%) svarenda í mismunandi löndum sem telja svo vera nokkrum sinnum í mánuði eða oftar (sundurgreint eftir kyni)**



**Mynd 8: Ég hef komið í vinnuna of þreytt(ur) til að sinna verkefnum vegna heimilisstarfa á síðustu þremur mánuðum - Hlutfall (%) svarenda í mismunandi löndum sem telja svo vera nokkrum sinnum í mánuði eða oftar (sundurgreint eftir kyni)**




Íslenskum vinnustöðum og það skýri hve stór hluti svarenda kemur nokkrum sinnum í mánuði eða oftar of þreyttur heim úr vinnu til að sinna heimilishaldinu. Báðar myndir benda til þess að skipulag launaðrar vinnu á Íslandi komi niður á fjölskyldulífi fólks enda séu langir og þreytandi vinnudagar í senn skýring á því hve litlum tíma við verjum til að sinna heimilum okkar og, eins og áður hefur komið fram, hvers vegna við framleiðum frekar lítið á hverja vinnustund.

Á báðum myndum hefur Ísland nokkra sérstöðu hvað varðar kynjamynstur. Mynd 6 sýnir að aðeins á Íslandi og í vesturhluta Þýskalands er hærra hlutfall karla en kvenna sem kemur of þreyttur heim úr vinnu til að sinna heimilisstörfum. Á mynd 7 skera Ísland og vesturhluti Þýskalands sig úr hvað varðar muninn á kynjunum sem er meiri þar en í öðrum löndum á þann veg að mun hærra hlutfall karla en kvenna telur sig skorta tíma til að sinna heimilinu vegna þess tíma sem þeir verja í launaða vinnu. Til að skýra hvers vegna Ísland og Vestur Þýskaland eru svo frábrugðin öðrum löndum hvað varðar kynjamynstrin þyrftum við í fyrstu að skýra hvað orsakar mynstrin í öðrum löndum. Það er umfangsmeira verkefni en þessi greining býður upp á og verður því látið ógert að sinni.

Mynd 8 sýnir hlutfall þeirra sem koma of þreyttir til vinnu vegna heimilisstarfa. Þrátt fyrir að hærra hlutfall svarenda telji vinnuna koma niður á heimilishaldinu á þennan hátt en öfugt þá erum við engu að síður mjög ofarlega í dreifingunni með næst hæsta hlutfallið á eftir Spáni. Í flestum tilfellum er hlutfallið hærra hjá konum en körlum og Ísland er engin undantekning frá því. Það er rökrétt þar sem konur sinna afgerandi meirihluta heimilisstarfa í öllum þessum löndum og því líkegra að þær skyldur þeirra á heimili komi niður á launaðri vinnu þeirra.

Á mynd 9 hér að neðan sjáum við að Ísland er einnig í hærra lagi hvað varðar hlutfall fólks sem upplifir einbeitingarleysi í vinnu vegna heimilislífs

**Mynd 9: Ég hef átt erfitt með að einbeita mér í vinnunni vegna fjölskyldunnar á síðustu þremur mánuðum - Hlutfall (%) svarenda í mismunandi löndum sem telja svo vera nokkrum sinnum í mánuði eða oftar (sundurgreint eftir kyni)**



síns. Einbeitingarleysið orsakast ekki bara af vinnuálagi á heimili heldur er fjöldi annarra þátta sem geta haft áhrif s.s. ósætti við maka, veikindi, og félagsleg vandamál og hegðunarvandamál barna, svo dæmi séu nefnd (sjá t.d. Forthofer o. fl. 1996). Hlutfall karla og kvenna sem upplifa slíkt einbeitingarleysi í vinnu nokkrum sinnum í mánuði eða oftar er svipað á Íslandi og það er ekki óalgengt að svo sé einnig hjá samanburðarþjóðunum, þó það sé athyglivert að í þeim löndum sem eru fyrir ofan okkur er umtalsvert hærra hlutfall kvenna sem upplifir það að heimilislífið komi reglulega niður á einbeitingu þeirra í vinnunni.

Á heildina litið virðast árekstrar heimilis og vinnu vera með mesta móti á Íslandi í samanburði við aðrar vestrænar þjóðir. Líkt og annarsstaðar virðist vinnan þrengja meira að heimilinu en heimilið að vinnunni. Það er athyglivert að það virðist fara saman að því meira sem vinnan þrengir að heimilishaldinu því meiri neikvæð áhrif hefur heimilishaldið á vinnu fólks, þó tengslin séu ekki afgerandi.<sup>1</sup> Það er ekki ósennilegt að álag og kröfur á vinnustað stýri báðum samböndum enda nýtur fólk mun meiri sveigjanleika hvað varðar gæði og magn vinnuframlags á heimilum en á vinnustöðum (Crompton 2006), þ.e. fólk getur frekar látið heimilisstörfin mæta afgangi. Þannig getur t.d. verið að álag í vinnu þrengi mjög að heimilishaldi fólks en að óunnin verkefni á heimilum valdi fólki svo streitu og að þau verk sem óhjákvæmilegt er að sinna séu unnin í tímaþröng eftir langa vinnudaga og verði því til að viðhalda þreytu og streituástandi sem aftur hefur neikvæð áhrif á launaða vinnu fólks. Þetta eru auðvitað aðeins vangaveltur og ekki ósennilegt að ferlin séu að einhverju leyti ólík fyrir kynin og á milli landa. Það kallar á frekari greiningu og enn ítarlegri gögn. Hvernig sem því er háttað má ætla að árekstrar heimilis og vinnu séu

<sup>1</sup> Pearson  $r^2$  frá 0,285 til 0,386. P-gildið var í öllum tilfellum  $\leq .000$ .

vaxandi vandamál enda hafa kröfur og álag á vinnustöðum víðast aukið á undanförunum árum (Crompton o.fl. 2005; Crompton 2006).

## 6. SAMANTEKT

Gögn okkar benda til að Íslendingar verja að jafnaði miklum tíma til launaðrar vinnu en hlutfallslega litlum tíma til heimilisstarfa, samanborið við það sem algengast í öðrum vestrænum löndum. Spurningin sem var lagt upp með í byrjun kaflans var hvort hægt væri að skýra þetta mynstur alfarið með óskum fólks. Í hluta 1 sáum við að stór hluti fólks vill draga úr vinnutíma og bentu gögnin til þess að tekjuþörf heimilisins réði miklu um lengd vinnuvikunnar. Þrátt fyrir að stærsti hópur svarenda væri sáttur við vinnutíma sinn þegar á heildina var lítið var nærri jafn stór hópur sem vildi draga úr vinnu. Ef við horfum eingöngu til karla vill meirihluti þeirra draga úr vinnu. Það er því ljóst að stór hluti Íslendinga vill draga úr vinnutíma. Þá vill meirihluti fólks almennt verja meiri tíma með fjölskyldum sínum, til tómstunda og með vinum.

Í hluta 2 sáum við að hátt hlutfall Íslendinga telur sig skorta tíma til að ljúka öllum verkefnum á vinnustað, þrátt fyrir að Íslendingar verji óvenju löngum tíma í vinnunni og virðist ekki afkasta mjög miklu á vinnustað þegar horft er til þjóðarframléiðslu á hverja unna stund. Á hinn bóginn er hlutfall þeirra sem telja vinnuna vera streituvald í lægra lagi þegar við berum okkur saman við önnur lönd. Leiða má líkur að því að þetta geti tengst því að Íslendingar hafa almennt jákvæð viðhorf til vinnunnar og erum um margt stoltir af því að vinna mikið. Þetta kanna að orsaka að mörgum þyki ekki viðeigandi að kvarta undan álagi enda má túlka slíkt sem merki um veikleika.

Í hluta 3 sáum við að hlutfall svarenda sem töldu heimilið vera streituvald var lægra en þeirra sem töldu vinnuna vera það. Þó var minni munur á milli mælinganna á verkefnaálagi á heimili og vinnustað, en það er mjög í samræmi við það hvað Íslendingar verja litlum tíma til heimilisstarfa. Það bendir til að Íslendingar nái að draga úr þeim tíma sem þeir verja til heimilisstarfa með því m.a. að vanrækja mörg þeirra. Þó virðist tímaleysi til heimilisstarfa ekki sérstakt vandamál á Íslandi samanborið við önnur lönd. Þá bentu gögnin einnig til þess að færri Íslendingar litu á heimilislífið sem streituvald í lífi sínu. Líkt og í hluta 2 er hugsanlegt að ýmsar kerfisbundnar skekkjur hafi áhrif á dreifingu svara, en gögnin benda þó til þess að Íslendingar séu ekki undir sérstaklega miklu álagi frá vinnustöðum sínum né heimilum. Ef jákvætt vinnuviðhorf er mikilvæg orsök þeirrar útkomu gætu ítarlegri mælingar á raunverulegu álagi sýnt aðra útkomu.

Hluti 4 gaf dálítið aðra mynd en sá á undan. Þrátt fyrir að Íslendingar geri lítið úr heimilum sínum og vinnu sem streituvöldum þá virðast árekstrar heimilis og vinnu tíðari hér en víða annars staðar. Þá er ljóst að á Íslandi þrengir vinnan meira að heimilunum en heimilin að vinnunni. Það er rökrétt þar sem fólk nýtur gjarnan meiri sveigjanleika varðandi magn og gæði vinnuframlags á heimilum sínum en á vinnustað. Þó var tilhneiging til að heimilin þrengdu meira að vinnunni í þeim löndum þar sem vinnan þrengdi meira að heimilunum, sem bendir til þess að hér sé um gagnkvæmt ferli að ræða þar sem hvort hefur áhrif á hitt. Ef vinna og heimili þrengja hvort að öðru eru líkur á að það komi bæði niður á gæðum vinnunnar og heimilislífsins með

þeim afleiðingum að það dregur í senn úr afköstum fólks á vinnustað og lífsgæðum þeirra almennt.

Greiningin hér að ofan er fyrst og fremst lýsandi og gefur aðeins vísbendingar um hver staða mála er á Íslandi og í samanburðarlöndunum en segir okkur minna um af hverju mynstrin eru eins og þau eru. Næstu skref eru því að kafa dýpra í gögnin og prófa ólíkar kenningar um orsakasambönd með aðhvarfsgreiningum. Þá er sérstök ástæða til að skoða kynin aðskilin. Karlar og konur hafa ólíka stöðu, bæði á vinnumarkaði og gagnvart heimilishaldinu, og því er ekki fráleitt að ætla að álag í vinnu og á heimili og árekstrar þar á milli ráðist af ólíkum þáttum. Einnig væri áhugavert að skoða ólíka þjóðfélagshópa og kanna hvort þau mynstur sem við lýsum hér halda fyrir þá alla eða hvort munur er á milli hópa. Þá er ástæða til að afla frekari gagna sem gera okkur kleift að skoða ýmsa þætti árekstra heimilis og vinnu í víðara samhengi en gögnin sem við byggjum á leyfa.

## HEIMILDIR:

- Agresti, A., og Finlay, B. (1997). *Statistical Methods for the Social Sciences*, 3. útgáfa. Upper Saddle River, New Jersey: Prentice Hall.
- Becker, G. (1993). "Nobel Lecture: The Economic Way of Looking at Behavior" í *The Journal of Political Economy* 101(3), pp. 385-409.
- Bianchi, S., Milkie., M., Sayer, L., og Robinson, J. (2000). "Is Anyone Doing the Housework? Trends in the Gender Division of Household Labour" í *Social Forces* 79(1), ss. 191-228.
- Bradbury, T., Fincham., F., og Beach, S. (2000). "Research on the Nature and Determinants of Marital Satisfaction: A Decade in Review" í *Journal of Marriage and the Family* 62(4), ss. 964-980.
- Converse, J., og Presser, S. (1986). *Survey Questions: Handcrafting the Standardized Questionnaire*. Beverly Hills: Sage Publications.
- Crompton, R. (2006). *Employment and the Family: The Reconfiguration of Work and Family Life in Contemporary Societies*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Crompton, R., Brockmans, M., Lyonette, C. (2005). "Attitudes, Women's Employment and the Domestic Division of Labour: A Cross-National Analysis in Two Waves" í *Work, Employment and Society* 19(2), ss. 213-233.
- Crouter, A., Bumpus, M., Maguire, M., og McHale, S. (1999). "Linking Parent's Work Pressure and Adolescents' Well-being: Insights Into Dynamics in Dual-Earner Families" í *Developmental Psychology* 35, ss. 1453-1461.
- Drobic, S., Blossfeld, H-P., og Rohwer, G. (1999) "Dynamics of Women's Employment Patterns Over the Family Life Course: A Comparison of the United States and Germany" í *Journal of Marriage and the Family* 61(1), ss. 133-146.
- Forhofer, M., Markman, H., Cox, M., Stanley, S., og Kessler, R. (1996). "Association Between Marital Distress and Work Loss in a National Sample" í *Journal of Marriage and the Family* 58, ss. 597-605.
- Gallie, D., White, M., Cheng, Y., og Tomlinson, M. (1998). *Restructuring the Employment Relationship*. Oxford: Oxford University Press.
- Goldthorpe, J. (2000). *On Sociology: Numbers, Narratives, and the Integration of Research and Theory*. Oxford: Oxford University Press.
- Granovetter, M. (1995). *Getting a Job: A Study of Contacts and Careers*, 2. útgáfa. Chicago: The University of Chicago Press.
- Gutek, b., Searle, S., og Klepa, L. (1991). "Rational Versus Gender Role Explanations For Work-Family Conflict" í *Journal of Applied Psychology* 4, ss. 560-568.
- Hartman, H. (1981). "The Family as the Locus of Gender, Class, and Political Struggle: The Example of Housework" í *Signs* 6(3), ss. 366-394.
- Hochschild, A. (1997). *The Time Bind: When Work Becomes Home and Home Becomes Work*. New York: Holt.
- Hughes, D., Galinsky, E., og Morris, A. (1992). "The Effects of Job Characteristics on Marital Quality: Specifying Linking Mechanisms" í *Journal of Marriage and the Family* 54, ss. 31-42.

- Jencks, C., Perman, L., og Rainwater, L. (1988). "What is a Good Job? A New Measure of Labour-Market Success" í *The American Journal of Sociology* 93(6), ss. 1322-1357.
- Kohn, M., og Schooler, C. (1982). "Job Conditions and Personality: A Longitudinal Assessment of Their Reciprocity" í *American Journal of Sociology* 87, ss. 1257-1286.
- Lane, R. (1992). "Work as 'Disutility' and Money as 'Happiness': Cultural Origins of a Basic Market Error" í *The Journal of Socio-Economics* 21(1), ss. 43-64.
- Mathews, L., Conger, R., og Wickrama, K. (1996). "Work-Family Conflict and Marital Quality: Mediating Processes" í *Social Psychology Quarterly* 59(1), ss. 62-79.
- Netemeyer, R., Boles, J., McMurrian, R. (1996). "Development and Validation of Work-Family Conflict and Family-Work Conflict Scales" í *Journal of Applied Psychology* 81, ss. 400-410.
- Perry-Jenkins, M., Repetti, R., og Crouter, A. (2000). "Work and Family in the 1990s" í *Journal of Marriage and the Family* 62(4), ss. 981-998.
- Presser, H. (1994). "Employment Schedules Among Dual Earner Spouses and the Division of Household Labour By Gender" í *American Sociological Review* 59, ss. 348-364.
- Rogers, S. (1996). "Mother's Work Hours and Marital Quality: Variations By Family Structure and Family Size" í *Journal of Marriage and the Family* 58 (3), ss. 606-617.
- Schor, J. (1991). *The Overworked American*. New York: Basic Books.
- Shelton, B., og John, D. (1996) "The Division of Household Labour" í *Annual Review of Sociology* 22. ss. 299-322.
- Stefán Ólafsson (1996). *Hugarfar og Hagvöxtur*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson (2005). *Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum*. Reykjavík: Rannsóknarstöð Þjóðmála.
- White, M. (1991). *Against Unemployment*. London: Policy Studies Institute.